

Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands

**Framkvæmd kjarasamnings fyrir
grunnskólakennara og skólastjóra**

**Niðurstöður könnunar meðal
skólastjóra og trúnaðarmanna vorið 2002**

Skýrsla unnin fyrir Launanevnd sveitarfélaga, Félag
grunnskólakennara og Skólastjórafélag Íslands

Ingvar Sigurgeirsson
Helgi Grímsson
Guðrún Karlsdóttir
Ólafur H. Jóhannsson

September 2002

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| INNGANGUR | 3 |
| UM KJARASAMNINGINN | 4 |
| NIÐURSTÖÐUR | 6 |
| Áhrif á starfsumhverfið | 6 |
| Nýting verkstjórnartíma (9,14) | 9 |
| Verkefni innan 9,14 tímanna | 9 |
| Ákvörðun um tilhögun | 11 |
| Mat á framkvæmd | 11 |
| Fyrirsjáanlegar breytingar | 12 |
| Mat á þessu samningsákvæði | 12 |
| Vinnurammi | 13 |
| Vinna innan ramma | 13 |
| Ákvörðun um vinnuramma | 13 |
| Mat á tilhögun | 13 |
| Agnúar | 14 |
| Vinnuramminn á komandi árum | 15 |
| Áhrif samningsins á undirbúning kennslu | 17 |
| Launapotturinn | 19 |
| Leikreglurnar | 19 |
| Hvernig var staðið að ákvörðun um fyrirkomulagið? | 22 |
| Hvaða þýðingu hefur launapotturinn? | 23 |
| Helstu agnúar | 23 |
| Hvað er framundan? | 23 |
| Endurmenntunin | 24 |
| SAMANTEKT | 27 |
| VIÐAUKAR | 28 |

Inngangur

Í lok apríl 2002 leituðu Launanefnd Sveitarfélaganna, Félag grunnskólakennara og Skólastjórafélag Íslands til Rannsóknarstofnunar Kennaraháskólans um að stofnunin tæki að sér að gera könnun á framkvæmd nýs kjarasamnings fyrir grunnskólakennara og skólastjóra. Með þessum kjarasamningi var stefnt að því að koma á umtalsverðum breytingum á skólastarfi. Samningsaðilar töldu brýnt að meta þá reynslu sem fengist hefði af framkvæmd samningsins.

Rannsóknarstofnun tók verkefnið að sér og fól Ingvari Sigurgeirssyni prófessor að stýra því. Að verkefninu unnu auk hans Guðrún Karlsdóttir verkefnisstjóri hjá Rannsóknarstofnun Kennaraháskólans, Helgi Grímsson skólastjóri við Laugarnesskóla og Ólafur H. Jóhannsson lektor við Kennaraháskólann.

Verkkaupar skipuðu ráðgjafarnefnd til að vera verktaka innan handar um útfærslu og framkvæmd verkefnisins og skipuðu hana þau Birgir Björn Sigurjónsson og Kristinn Kristjánsson fyrir hönd Launanefndar, Finnboði Sigurðsson fyrir hönd Félags grunnskólakennara og Hanna Hjartardóttir fyrir hönd Skólastjórafélagsins.

Ákveðið var að haga könnuninni með þeim hætti að taka símaviðtöl við skólastjóra og trúnaðarmenn í 30 skólum. Úrtakið var lagskipt handahófsúrtak, leitað var til skólastjóra og trúnaðarmanna í tíu skólum á Reykjavíkursvæðinu og á Akureyri, tíu skólum í stærri kaupstöðum og tíu fámennra skóla (fimm þorpsskóla og fimm skóla í sveit). Þess var gætt að skólarnir dreifðust vel um landið og að allar helstu skólagerðir væru í úrtakinu. Spurt var um:

- Áhrif samningsins á starfsumhverfið í skólanum (hverju breytti samningurinn, hvað var til bóta og hvað fór miður)
- hvernig tíma undir verkstjórn skólastjóra (9,14 stundirnar) hefði verið varið (yfirlit, hvernig var staðið að ákvörðunum, breytingar á skólaárinu og mat á því hvernig til hefði tekist)
- hvernig staðið hefði verið að því að koma á vinnuramma kennara (framkvæmd, samráð, agnúar, mat á þýðingu)
- um áhrif samningsins á undirbúning kennara,
- ráðstöfun á launapotti (leikreglur, samráð, vinnuferli, þýðing, agnúar, afstaða)
- endurmenntunaráætlun.

Spurningaskráin í heild er í Viðauka 1.

Kynningarbréf (sjá Viðauka 2) ásamt spurningaskránni, var sent í skólana í byrjun maí og viðtöl tekin í maí og júní. Skýrsluhöfundar skiptu viðtölunum með sér og var spurningaskrá fylgt af nákvæmni, auk þess sem beitt var viðurkenndum aðferðum við að auka samræmi við upplýsingaöflun. Viðtöl voru tekin á segulband og meginatriði skráð, bæði á meðan á viðtali stóð og strax á eftir. Alls náðist í fimmtíu og fimm viðmælendur, tuttugu og sjö skólastjóra og tuttugu og átta trúnaðarmenn og eru viðmælendum þokkuð greið og góð svör. Viðmælendum var heitið fullum trúnaði og að nöfn þeirra eða skóla þeirra yrðu ekki notuð við úrvinnslu. Viðmælendur voru flestir vel undirbúnir fyrir viðtölin og höfðu margir skráð hjá sér svör og tekið saman gögn sem þeir höfðu fyrir framan sig meðan á viðtalinu stóð.

Nokkrir viðmælenda sendu viðbótargögn og hefur verið stuðst við þau við úrvinnslu. Í einu tilvikki kusu trúnaðarmenn (sem voru tveir við umræddan skóla) að senda skrifleg svör við spurningunum.

Meginatriði úr viðtölunum voru færð í gagnagrunn og svör flokkuð til úrvinnslu.

Í þessari skýrslu verður fyrst farið nokkrum orðum um meginatriði kjarasamningsins og síðan gerð grein fyrir öllum helstu svörum sem fengust í könnuninni. Í lokin er birt samantekt á helstu niðurstöðum.

Um kjarasamninginn

Kjarasamningur Launanevndar sveitarfélaga (LN) og Kennarsambands Íslands (KÍ) fyrir grunnskóla var undirritaður 9. janúar 2001 og tók gildi frá og með 1. ágúst 2001. Áform samningsaðila með þessum kjarasamningi voru að bæta skólastarf með kerfisbreytingu og skapa ákveðið svigrúm til kjarabreytinga með það að markmiði að gera grunnskólann samkeppnisfæran og kennarastarfið eftirsóknarvert.

Breytingarnar fólu m.a. í sér:

1. Fjölgun starfsdaga nemenda um 10.
2. Fjölgun starfsdaga kennara um 2.
3. Sveigjanleika varðandi ákvörðun um upphaf og lok skólastarfs á hverju starfsári.
4. Heimild til skóla að taka upp vetrarleyfi nemenda.
5. Möguleika til að haga hámarkskenndu með breytilegum hætti á milli 26 og 30 kennslustunda á viku gegn tilsvarende breytingum á öðrum liðum vinnuskyldu.
6. Lágmarksundirbúningur var ákveðinn 20 mínútur fyrir hverja 40 mínútna kennslustund.
7. Skólastjóra voru fengin aukin umráð og ábyrgð (þ.e. verkstjórnarvald) á vinnutíma kennara sem ráðstafað er til faglegra starfa kennara.
8. Skólastjóra var fenginn ráðstöfunarréttur yfir hluta af dagvinnulaunum kennara skólans til að ráðstafa til einstakra kennara í formi launaflokka vegna sérstakra verkefna, ábyrgðar, álags eða persónulegrar færni samkvæmt fyrirfram ákveðnum leikreglum.

Margvísleg rök voru færð fyrir þessum breytingum. Bent var á nýjar áherslur í skólastarfi og breytt skipulag þess. Þá var bent á að lögboðnar skyldur kölluðu á breytingar á störfum kennara og heildarskilgreiningum á vinnutíma yfir skólaárið. Með samningnum var áréttað að skólastjóri væri forstöðumaður skóla sem bæri faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfsemi hans í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sveitarstjórnar. Skólastjóri ráðstafar vinnu kennara til þeirra faglegu starfa og verkefna sem starfsemi grunnskólans kallar á.

Með nýjum samningi var verkstjórnarvald skólastjóra aukið, þannig að stærri hluti af vinnuskyldu kennara er nú undir verkstjórn skólastjóra en áður var. Með samningnum fékk skólastjóri að auki ákveðið svigrúm til að umbuna kennurum vegna sérstakrar ábyrgðar, álags og færni í starfi.

Undirbúningstími fyrir hverja 40 mínútna kennslustund telst 20 mínútur að lágmarki. Skólastjóri metur í samráði við hvern kennara hvort þörf sé fyrir rýmri undirbúningstíma. Hugmyndin með þessum sveigjanleika í kenndu og undirbúningi var að skapa aukið rými til að fela kennurum önnur störf. Skólastjóra er þannig heimilt að ráðstafa vinnu kennara til þeirra faglegu starfa og verkefna sem starfsemi grunnskólans kallar á, auk kenndu.

Þá voru í samningnum ákvæði um endurmenntun kennara. Hún skal vera í samræmi við endurmenntunaráætlun skóla og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótum á starfsemi skólans. Skólar, sem nýta sér möguleika til sveigjanlegs upphafs og loka starfsárs, mega eftir því sem kostur er skipuleggja endurmenntun kennara á dagvinnutíma á starfstíma skóla.

Við það var miðað að tími til sí- og endurmenntunar markaðist af samningsbundnum stundafjölda, allt að 150 klst. á ári, til endurmenntunar og undirbúnings kennara. Samkvæmt samningnum eiga kennarar að hækka um launaflokka þegar tilteknum aldri er náð og er þátttaka í símenntun grundvöllur þeirrar hækkunar:

Vegna ákvæða um endur- og símenntun kennara raðast öll starfsheiti vegna námskeiða/ endurmenntunar sem hér segir: Einn launaflokkur við 35 ára aldur, annar við 40 ára aldur og þriðji við 45 ára aldur. Forsenda launaflokkahækkunar þessarar er staðfest þátttaka í endurmenntunaráætlun skóla. (Úr Kjarasamningi)

Hér hafa í stuttu máli verið rakin þau ákvæði kjarasamningsins sem þessi könnun er afmörkuð við og í næsta kafla er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum.

Niðurstöður

Í þessum kafla verður fyrst gerð grein fyrir svörum viðmælenda um áhrif samningsins á starfsumhverfi skólanna, hverju samningurinn hafi einkum breytt, hvað helst hafi verið til bóta og hvað hafi einkum farið miður. Þá er fjallað um hvernig tími undir verkstjórn skólastjóra var skipulagður, hvernig staðið var að ákvörðunum um fyrirkomulag og um mat á því hvernig til hefur tekist. Næsti kafli lýsir því hvernig miðað hefur við að koma á svonefndum vinnuramma. Fram koma skoðanir viðmælenda á áhrifum samningsins á undirbúning kennara. Þá er greinargerð um hvernig staðið var að úthlutun viðbótarlaunaflokka, hvað lagt var til grundvallar og um mat viðmælenda á gildi þessa ákvæðis. Að lokum er fjallað um framkvæmd þeirra ákvæða í samningnum sem varða endurmenntun.

Áhrif á starfsumhverfið

Viðmælendur voru spurðir hvaða áhrif samningurinn hefði haft á starfsumhverfið í skólanum, hverju samningurinn hefði einkum breytt, hvað hefði helst verið til bóta og hvað hefði einkum farið miður.

Afstaða viðmælenda fellur í aðalatriðum í þrjá farvegi. Í fyrsta og stærsta hópnum (25 eða 46%) eru þeir sem telja að samningurinn hafi haft jákvæð áhrif. Annar hópurinn (18 eða 33%) er hlutlausari eða segir bæði kost og löst á samningnum og sá þriðji og minnsti (11 eða 20%) er í meginatriðum neikvæður (eitt svar (2%) var óljóst um þetta).

Þeir sem eru í meginatriðum jákvæðir gagnvart samningnum nefna að kennarar séu meira á staðnum, fagleg umræða hafi aukist og auðveldara sé að skipuleggja samstarf kennara, þróunarstarf og ýmis önnur fagleg störf. Þá sé mun hægara fyrir skólastjóra en áður var að skipuleggja starfið í skólanum og í raun hafi staða skólastjórans styrkst. Aðrir nefna að samningurinn hafi létt álagi af skólastjórum. Þá eru nefnd atriði eins og að starfið sé sveigjanlegra, auðveldara sé að dreifa ábyrgð og valdi, ábyrgð kennara hafi aukist, vinnurammar séu orðnir skýrari, starfsmannaviðtöl séu af hinu góða og starfsandi hafi batnað.

Sem dæmi um svör af þessu tagi má nefna þessi:

Samningurinn gefur skólanum meira svigrúm til þess að vinna að þróunarvinnu og skólastarfið verður skilvirkara og skipulegra. (Trúnaðarmaður)

Verkstjórnartímar skólastjóra, 9,14 tímarnir, það er mesta breytingin. Tvímælalaust til bóta að geta ráðstafað þessum tíma. (Skólastjóri)

Samningurinn er mikil bót - skýrari línur varðandi kröfur til kennara um vinnutíma en síðan eigum við að vera í friði sem verkstjórar á vinnustað. Við höfum spilin á hendi en höfðum þau ekki ... (Skólastjóri)

Margir nefna launahækkun eða betri kjör. Nokkrir þeirra nefna að kjör ákveðinna hópa hafi batnað og að jákvætt sé að heildarlaun dreifist nú á allt árið.

Þá nefna nokkrir jákvæðar skólabreytingar:

... okkur hefur tekist að stórauka foreldrasamstarf ... það hefur verið aukið og hægt að fylgjast betur með gengi nemenda og grípa snemma inn í ef með þarf. Málin dankast ekki. Er afar þýðingarmikið. Þannig að ég er þessu mjög fylgjandi. (Skólastjóri)

Af öðrum atriðum sem nefnd eru, en færri tilgreina, má nefna þessi: Lenging skólaársins, sérfræðiþekking nýttist betur, lífeyrisréttindi hafa batnað, auðveldara sé að fá menntaða kennara til starfa og auðveldara sé að ná til kennara á vinnustað.

Þá má nefna þetta svar:

Meðal þess sem talið er samningnum til ágætis er að samningurinn hafi lyft sjálfsvirðingu og sjálfsvitund kennara. (Skólastjóri)

Loks er að nefna það viðhorf að kennarar séu betur meðvitaðir um vinnutíma sinn og starfsskyldur:

Ég held að við höfum verið meira vakandi yfir því að vera ekki að gefa vinnuna okkar. (Trúnaðarmaður)

Það er til bóta að fólk hefur hugsað meira um tímann sem það hefur, og miklar umræður verið um hvert sé starf kennarans ... (Trúnaðarmaður)

Neikvæðu atriðin sem fram koma eru af fjölbreyttum toga. Gagnrýni kemur fram á samningsaðila. Nítján viðmælendur gera þetta að umtalsefni. M.a. er nefnt að kynning hafi misfarist eða verið misvísandi, túlkunar aðila hafi verið mótsagnakenndar og einnig nefna nokkrir að mörg atriði samningsins hafi verið óljós. Dæmi um svör:

Kynning var ekki vel af hendi leyst hjá KÍ. Trúnaðarmenn fengu ekki sömu túlkun og skólastjórar. (Trúnaðarmaður)

Var við mikil sárindi meðal kennara út í KÍ-menn, fólk var blekk! (Trúnaðarmaður)

Bakland skólastjórans er veikt ... Skólastjóraráfélagið hefur ekki staðið undir því sem maður hefur ætlað. Og síðan náttúrulega ... þegar Sigurjóns heitins naut við var það töluvert bakland en eftir að hann féll frá þá er bara eins og Samband íslenskra sveitarfélaga sé ekki til. (Skólastjóri)

... undirliggjandi óánægja er ekki síst vegna þess hvernig hann [samningurinn] var kynntur, kennarar frá stéttarfélagi sögðu ekki alltaf satt. Hefðum aldrei samþykkt samninginn ef allt hefði komið fram strax sem kom í ljós þegar liða tók á veturinn, þ.e. útfærslurnar. (Trúnaðarmaður)

.. því miður hafa verið misvísandi skilaboð. Fólk hefur verið að túlka samninginn misjafnlega. Kannski hefði mátt undirbúa þennan þátt betur í upphafi - að hann væri svolítið skýrari. Það hafa komið upp deilur um túlkun á samningnum. (Skólastjóri)

Átta viðmælendur telja að samningurinn hafi skapað neikvæðan starfsanda:

Hér hefur venjulega verið jákvætt og gott starfsumhverfi en það sem hefur breyst er að fólk er farið að tala í mínútum, tímum, dögum og vinnurömmum sem var aldrei gert áður. Fólk bara vann vinnuna þegar þess þurfti jafnvel lengi fram eftir og minna í staðinn á öðrum tímum og þetta var aldrei rétt. (Trúnaðarmaður)

Mórallinn hefur versnað út af ýmsum agnámum. (Trúnaðarmaður)

Átta nefna óánægju með launabætti samningsins. Flestir nefna slæm laun byrjenda. Þá kemur fram það viðhorf að launahækkun hafi ekki verið í samræmi við þá auknu vinnu sem samningurinn kallar á, m.a. vegna lengingar skólaársins. Einnig eru nefnd

lakari kjör sérgreina- og verkgreinakennara, óánægja með aldursröðun og óánægja með kjör skólastjóra. Dæmi um viðhorf:

.. og síðan lítil launahækkun, eða launahækkun innan gæsalappa, eða óljós launahækkun skulum við heldur kalla það miðað við aukið vinnuframlag og ráðstöfunarrétt yfirmanna á tíma kennara. (Trúnaðarmaður)

Þrír taka fram að hinn neikvæði starfsandi hafi verið byrjunarörðugleikar. Einn tekur fram að aukið vinnuálag hafi valdið neikvæðum starfsanda.

Í svörum átta viðmælenda kemur fram óánægja með lengingu skólaársins. Þar hafi verið stigið of stórt skref. Hvort tveggja er nefnt, að lengingin sé óheppileg vegna nemenda, og að hún geri kennurum erfitt fyrir að geta tekið sér eðlilegt sumarleyfi.

Einn gallinn við samninginn er að það er búið að lengja skólaárið í báða enda. Af hverju var nauðsynlegt að lengja grunnskólann en ekki framhaldsskólann? Ég finn fyrir því að margir foreldrar eru ósáttir við lengingu skólaársins. (Skólastjóri)

Sex viðmælendur nefna óánægju með bindinguna eða að tímaramminn sé of þröngur. Tveir nefna óánægju með að ekki hafi tekist að koma bindingunni á:

Binding vinnuramma tókst ekki: ... og það sem helst hefur farið miður er að ... ekki [hefur] tekist að koma á þessum samfellda vinnutíma. (Skólastjóri)

Fimm lýsa óánægju með hlut endurmenntunar í kjörum, þ.e. að hún sé lítils metin.

Fimm lýsa óánægja sinni með launapottinn og telja að hann ýti undir rígg og öfund meðal kennara. Þá kemur fram það viðhorf að hann bjóði heim mismunun. Tveir nefna að full ráðstöfun úr pottinum að hausti komi í veg fyrir sveigjanleika síðar.

Fjórir nefna minni sveigjanleika og fjórir óánægju með skerðingu á undirbúningstíma:

Tími til undirbúnings hefur minnkað, hann hefur haft neikvæð áhrif á skólastarfið en aðrar breytingar eru litlar ... Tími til samstarfs í árgangi hefur minnkað í þessum skóla. (Trúnaðarmaður)

Þrír nefna að samningurinn sé óhagstæður fámennum skólum. Sem dæmi um viðhorf í þá veru má nefna þetta:

Veistu að ég get ekki fullyrt um þetta ennþá. Þetta er svo stuttur tími sem samningurinn hefur verið í gildi. Það er erfitt að fullyrða um ... breytingar ... Ég hef samt á tilfinningunni að samningurinn sé til bóta fyrir starfsumhverfið en það er samt efatónn í mér varðandi skóla eins og ég stend fyrir, sko þessa fámennu skóla. Mér finnst frekar hafa verið horft til stóru skólanna þar sem að bæði er mannskapur til að skipuleggja tímann og eins þá mannskapur til að vinna þá vinnu sem er unnin í þessum 9,14 stundum. (Skólastjóri)

Samningurinn er hagstæðari stórum skólum í þéttbýli bæði varðandi skólastjóra og kennara og viss hætta á að kennarar leiti fremur í stóru skólana sem er dreifbýlinu óhagstæð þróun. (Skólastjóri)

Tveir viðmælenda nefna afnám sérkennsluafsláttar. Tveir nefna að vinnan sem sett var af stað í verkstjórnartíma skólastjóra hafi ekki heppnast.

Eftirfarandi atriði eru nefnd einu sinni: Kennarar hafi í raun minni tíma til að sinna vinnunni, það há bindingu vinnutíma að starfsaðstaða sé ekki fyrir hendi í skólunum, fella þurfi matar- og kaffitíma inn í 9,14 tímana og að samningurinn hafi haft neikvæð

áhrif á störf skólastjóra („... minni tengsl við innra skólastarf ... er að verða meira fjármálastarf“). Þá nefnir einn kennari vonbrigði vegna þess að sú vinna sem sett var af stað í krafti samningsins hafi litlum árangri skilað.

Áberandi er hve ólíkar skoðanir skólastjórar og trúnaðarmenn hafa á áhrifum samningsins. Skólastjórar eru almennt mun jákvæðari og telja að hann hafi haft margháttað jákvæð áhrif. Nítján af skólastjórunum tuttugu og sjö (70,4%) telja að samningurinn hafi að flestu leyti verið til bóta. Þrátt fyrir þessi jákvæðu viðhorf til samningsins í heild telja margir skólastjórar að þeir hafi sjálfir borið skarðan hlut frá borði, þó ábyrgð þeirra hafi verið aukin og störf aukist.

Trúnaðarmennirnir segja flestir kost og löst á samningnum eða taka hlutlausari afstöðu.

Nokkrir viðmælenda leggja áherslu á að of snemmt sé að leggja mat á reynsluna þar sem aðeins eitt ár sé að baki og það hafi verið tilraunatími.

Nýting verkstjórnartíma (9,14)

Viðmælendur voru spurðir hvernig tíma undir verkstjórn skólastjóra hefði verið varið (9,14 stundirnar) og voru þeir beðnir um að gefa yfirlit eða dæmi um það.

Verkefni innan 9,14 tímanna

Í eftirfarandi töflu er að finna yfirlit yfir svör þátttakenda (sjá nánar í Viðauka 3).

| | Fjöldi skóla | Heildarfjöldi | % |
|----------------------------------|--------------|---------------|-----------|
| Fundir * | | | |
| Kennarafundir | 25** | 28 | 89 |
| Samráðsfundir (fag/árg) | 23 | 28 | 82 |
| Stigsfundir | 7 | 28 | 25 |
| Samstarf við sérfræðinga | 4 | 28 | 14 |
| Starfsmannafundir | 2 | 28 | 7 |
| Foreldrar | | | |
| Foreldrasamstarf | 21 | 28 | 75 |
| Skólatorgið | 1 | 28 | 4 |
| Þróunar og skipulagsstörf | | | |
| Þróunar- og skipulagsstarf | 19 | 28 | 68 |
| Fagstjórn | 5 | 28 | 18 |
| Verkefnastjórn | 5 | 28 | 18 |
| Mat á skólastarfi | 4 | 28 | 14 |
| Árgangastjórn | 3 | 28 | 11 |
| Jafningjamat | 2 | 28 | 7 |

| Umsjónarstörf | | | |
|-----------------------------|---------|----|-----------|
| Umsjón með stofu | 12 | 28 | 43 |
| Umsjón með verkgreinum | 7 | 28 | 25 |
| Leiðsögn með byrjendum | 2 | 28 | 7 |
| Umsjón með tækjum | 1 | 28 | 4 |
| Trúnaðarmaður | 1 | 28 | 4 |
| Kennsluundirbúningur | | | |
| Aukinn undirbúningur | 15 | 28 | 54 |
| Námsefnisöflun - námsmat | 5 | 28 | 18 |
| Kennsluáætlanir | 4 | 28 | 14 |
| Umsjón með bekk | 3 | 28 | 11 |
| Einstaklingsnámskrágerð | 1 | 28 | 4 |
| Vinna með einstaklingum | 1 | 28 | 4 |
| Stundvísir | 1 | 28 | 4 |
| Álag og óþægindi | 1 | 28 | 4 |
| Menntun | | | |
| Framhaldsmenntun | 2 | 28 | 7 |
| Símenntun | 2 | 28 | 7 |
| | | 28 | |
| Samtals bundið | 10***** | 28 | 36 |
| Ákvörðun kennara | 6*** | 28 | 21 |
| Samkomulag | 10**** | 28 | 36 |

Nokkuð misjafnt var hversu nákvæm svör fengust. Í töflunni eru svör skólastjóra og trúnaðarmanna tekin saman eftir skólum. Flokka má verk kennara undir verkstjórn skólastjóra í fundi, foreldra-samstarf, þróunar- og skipulagsstörf, umsjónarstörf, kennsluundirbúning og eigin menntun.

Í langflestum skólum er það nefnt að stundirnar séu nýttar til fastra kennarafunda og samráðsfunda kennara (árgangur/námsgrein). Einnig eru nefndir starfsmannafundir, deildafundir og fundir með sérfræðingum.

Fastir viðtalstímar eru tilgreindir í miklum meirihluta skólanna. Í einum skóla er vinna við Skólatorg tilgreind sem hluti af samstarfi við foreldra.

Þegar kemur að þróunar- og skipulagsstörfum tilgreina flestir vinnu í fagteymum (68%). Í fagteymum vinna kennarar að þróun skilgreindra verkefna í skólastarfi, þá oftast tengd skólanámskrá. Í mörgum skólum var tekið fram að allir kennarar skólans tækju þátt í starfi fagteyma. Önnur verkefni voru mat á skólastarfi, (sem reyndar væri eðlilegt að telja með fagteymum en voru tilgreind sérstaklega í svörum þátttakenda), og einnig var tímum varið til árgangastjórnunar (11%), fagstjórnunar (18%), verkefnastjórnunar (18%) og jafningjamats.

Kennarar sinna ýmsum umsjónarstörfum undir verkstjórn skólastjóra. Í tæpum helmingi skólanna er tilgreind umsjón með stofu og 25% nefna umsjón með verkgrein (t.d. innkaup). Af öðrum umsjónarstörfum sem tilgreind eru má nefna umsjón með

tækjum, leiðsögn byrjenda (7%) og í einum skóla var tekið fram að störf trúnaðarmanns væru unnin í tíma undir verkstjórn skólustjóra!

Í fjölmörgum skólum er komið til móts við óskir kennara um aukinn tíma til undirbúnings kennslu (54%). Af öðrum undirbúningi sem unninn er undir verkstjórn skólustjóra má nefna námsefnisöflun (18%), námsmat, einstaklingsnámskrárgerð, vinnu með einstaklingum, gerð kennsluáætlana, færslu í Stundvísiforritið og umsjón með bekk. Í einum skóla fá kennarar þann tíma metinn þegar þeir verða fyrir álagi og óþægindum vegna nábylis við nemendur og foreldra.

Í örfáum skólum eru verkstjórnartímar skólustjóra notaðir fyrir grunn- og símenntun kennara.

Ákvörðun um tilhögun


Þegar skoðuð eru svör skólustjóra og trúnaðarmanna um það hvernig staðið var að ákvörðun um fyrirkomulag má sjá að oftast kom skólustjóri með tillögu (84%) sem hann kynnti á kennarafundi en endanleg ákvörðun var yfirleitt tekin í starfsmannaviðtali (56%).

Í fjórum skólum (7%) er tekið fram að ákvörðun um fyrirkomulag 9,14 stundanna hafi verið tekin á kennarafundi og í níu skólum er tekið fram að endanleg ákvörðun hafi verið í höndum skólustjóra. Vera má að komið hafi upp misskilningur um túlkun spurningar þar sem ekki er ljóst hvort spurt er um ákvörðun um almennar leikreglur eða ákvörðun um vinnu hvers og eins kennara.

Mat á framkvæmd

Viðmælendur voru almennt jákvæðir þegar spurt var hvernig hafi gengið að koma þessari tilhögun í kring (sjá Mynd 1).

Mynd 1. Hvernig hefur gengið að koma fyrirkomulagi 9,14 st. í kring?



Meðal athugasemda sem fram komu má nefna:

Mjög vel. Held að það hafi verið vegna þess að við undirbyggjum þetta vel. Það fór enginn út í sumarið með óvissu. Hefur reynst vel að skipuleggja tímann að vori fyrir næsta skólaár. (Skólastjóri)

Þetta hefur allt gengið eftir ágætlega nema þetta með tímann ... vinnan hefur ekki skilað sér sem skyldi nema þá hvað fundi varðar sem eru þá einu sinni í viku. Við hefðum viljað sjá meiri grósku og þróun að frumkvæði kennaranna ... þetta er eitthvað sem við þurfum að reyna að læra að höndla, að virkja kennarana betur ... ég hefði viljað sjá kennarana alla hérna inni í skólanum til kl. fjögur á daginn ... sem einn mann og getað gengið að þeim þar en það hefur ekki gengið eftir nema í fáeinum tilfellum. (Skólastjóri)

[ræðir teymisvinnu sem misförst] ... fólk vissi ekki hvað það átti að gera ... og skilaði ekki ... erfitt í litlum skólum ... tveir settir í hóp og hafa ekkert komið nálægt þessu áður ... þrír sem aldrei hafa kennt ... þá fer tíminn í annað ... (Trúnaðarmaður)

Gengið misjafnlega. Margir vinna miklu meira en þeir fá greitt fyrir. Kennarar sinna sínum undirbúningi. (Trúnaðarmaður)

Fyrirsjáanlegar breytingar

Þegar viðmælendur voru spurðir um hvort einhverjar breytingar hafi orðið á tilhöguninni á skólaárinu kemur berlega í ljós að það fyrirkomulag sem ákveðið var á haustdögum stóðst (67%) og í 15% skóla er tekið fram að fyrirkomulagið hafi þróast á skólaárinu. Þegar hugað er að næsta skólaári var tekið fram í 33% svara að engra breytinga sé að vænta á næsta skólaári á meðan 56% svarenda segja að fyrirkomulagið verði endurskoðað eða því breytt fyrir næsta skólár.

Mat á þessu sammingsákvæði

Þegar svör viðmælenda eru greind kemur eftirfarandi fram:

- 64% taka fram að fyrirkomulagið hafi gengið vel
- 24% telja að þetta hafi eflt stjórnunarhlutverk skólastjóra
- 15% segja að þetta fyrirkomulag muni bæta gæði skólastarfs
- 13% benda á að of lítill tími sé ætlaður fyrir undirbúning kennara
- 5% tilgreina að gengið hafi illa að koma þessu í kring
- 5% taka fram að þetta muni auka skilning kennara á starfi sínu
- 4% telja að ekki hafi verið réttar áherslur í verkefnavali.

Önnur svör voru m.a:

... erfitt að koma öllu undir 9,14 ... rosalega erfitt ... lenti ekkert í hörðu við kennarana eða þannig, sko ... fór samningaleiðina ... þetta voru eins og samningaviðræður. (Skólastjóri)

Ríkjandi sátt um hvernig tímum er varið, allt er uppi á borðinu. Kynnt fyrir trúnaðarmanni fyrst og svo fyrir kennarafund, allt uppi á borðinu. Við erum með mjög góða yfirmenn gagnvart öllu svona. Þetta er mjög breytilegt milli skóla og sums staðar hernaðarleyndarmál. (Skólastjóri)

Farið er eftir vissum reglum. Trúnaðarmaður er ekki sammála túlkun á sumum atriðum. Óþarfi að sundurliða störf kennara. Vildi láta gefa út opinbert plagg um það hvernig 9,14 st. er ráðstafað. (Skólastjóri)

... misjafnt eftir hópum og einstaklingum ... sumir vinna margfalt meira heldur en þetta og menn kvarta svona almennt undan því ... og það er ekkert bundið við þennan skóla ... að undirbúningur sé allt of lítill ... með lengingu skólans og menn þurfa að semja meira af verkefnum ... prófum ... námsefni ... menn horfa ekki á heildarmyndina ef við tölum um undirbúning ... prófayfirferð og

undirbúningur fyrir próf sem er tvisvar, þrisvar á ári - það skekkir heildarmyndina alveg gífurlega ... þetta er dreift yfir allt skólaárið en menn hugsa þetta bara í tórnum og búið.
(Trúnaðarmaður)

Vinnuramma

Viðmælendur voru spurðir hvernig staðið hefði verið að því að koma á vinnuramma kennara. Náin tengsl voru á milli svara við þessari spurningu og spurningar um nýtingu 9,14 stundanna. Svo virðist sem þetta ákvæði kjarasamningsins sé almennt ekki orðið virkt og í mjög fáum tilvikum er um eiginlegan vinnuramma að ræða þó svo að störf kennara (9,14 stundirnar) séu í meirihluta tilvika skilgreind og skjalfest en þau eru ekki sett inn í fastan tímaramma. Jafnvel virðist gæta misskilnings um hvað sé í raun átt við með hugtakinu vinnuramma – er hann verkefnabundinn og tímabundinn eða eingöngu verkefnabundinn?

Vinna innan ramma

Í fjórum skólum (7%) virðist enginn eða mjög lítill hluti þessa tíma vera fastsettur og starfsrammi ekki fyrir hendi. Í 18% skólanna er lítill hluti þessa tíma fastsettur (færri en fimm klukkustundir). Í flestum skólum (66%) var binding kennara á bilinu fimm til níu klukkustundir. Í fimm skólum (9%) var vinna kennara römmuð inn. Þó var í flestum þessara skóla tekið fram að stjórnendur hefðu ekki haft skeiðklukkuna á kennurum.


Ákvörðun um vinnuramma

Í flestum skólum var staðið að ákvörðun um vinnuramma kennara á svipaðan hátt og ákvörðun um 9,14 stundirnar. Algengast var að skólastjóri legði fram tillögu sem kynnt var á kennarafundi og síðan var sá ramma sem settur var ákveðinn í starfsviðtali.

Mat á tilhögun

Spurt var hvernig gengið hefði að koma þessari tilhögun í kring. Yfirlit um svör eru á Mynd 2:

Mynd 2. Mat á því hvernig hafi gengið að koma á vinnuramma



Tekið skal fram að misjafnar forsendur liggja að baki svörum viðmælenda þar sem vinnuramma með 9,14 stunda bindingu virðist almennt ekki vera við lýði. Ekki virðast vera tengsl milli viðhorfs viðmælenda og fjölda þeirra stunda sem bundnar voru. Til

dæmis álitur enginn viðmælenda í þeim skólum þar sem ramminn var settur að gengið hafi illa að koma þessari tilhögun í kring. Ekki er merkjanlegur munur á viðhorfum skólastjóra og trúnaðarmanna í hópi þeirra sem álíta að mjög vel hafi til tekist. Fjórir, þar af þrír trúnaðarmenn, álíta að illa hafi gengið að koma þessari tilhögun í kring.

Dæmi um svör við spurningunni *Hvernig hefur gengið að koma þessari tilhögun í kring?*:

Vel. Fólki var treyst til þess að vinna á þessum tíma sem var bundinn. Enginn njósnaleikur hefur verið í gangi. Vinnuandinn er ágætur, allir eru sáttir. (Trúnaðarmaður)

Vel. Gott að vinna samkæmt vinnuramma. (Trúnaðarmaður)

... ekkert formlegt ... óbreytt frá því sem áður var ... menn bara vinna saman ... ekkert þurft að ramma þetta inn ... (Skólastjóri)

Flestir eða 95% fara eftir vinnurammanum, hinir ekki og komast upp með það. (Trúnaðarmaður)

Er með á minni vinnuskýrslu að ég sé bundinn til 15:22 alla daga. Það er miðstýrð ákvörðun í sveitarfélaginu. Mér finnast kostir og gallar við það fyrirkomulag. (Trúnaðarmaður)

Fólk áttaði sig ekki á þessu fyrirkomulagi í sambandi við eyður í stundaskránni, nú telur hver einasta eyða. Næsta vetur verður binding frá kl. 8–15 eða 8–16. (Trúnaðarmaður)

Menn skildu ekki samninginn, brugðust illa við vinnurammanum. Þurfti KÍ-starfsmann til þess að útskýra 9,14 st. (Trúnaðarmaður)

Agnúar

Þeir agnúar sem skólastjórar fundu á þessu fyrirkomulagi voru mjög fjölbreyttir og ekki hægt að fella þá í ákveðna flokka. Dæmin verða því látin tala sínu máli:

... skortur á yfirsýn stjórnenda ... (Skólastjóri)

... ekki hefur tekist að koma þessu á ... (Skólastjóri)

Það er svo mikið sem kennarar eiga að gera að 9,14 er allt of knappt ... (Skólastjóri)

Mér finnst tvískinnungur í þessum svokallaða vinnuramma ... stundum er sagt að skólastjóri hafi þennan tíma til ráðstöfunar í öðru orðinu ... í hinu orðinu er verið að segja að hann megi ekki binda hann allan ... þetta er túlkun grunnskólakennarafélagsins og Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tekið undir það ... þannig að í rauninni er tvískinnungur í þessu ... er þetta tími sem skólastjórinn hefur til ráðstöfunar eða ekki? (Skólastjóri)

Eykst harkan fyrir því að fá greitt fyrir það sem lendir út af vinnuramma. Ekki samhljómur þar (það sem ætlast er til af skólunum og það sem þeir fá). (Skólastjóri)

Ekki vænlegt að skilgreina hverja mínútu innan rammans. Ákveðinn sveigjanleiki nauðsynlegur (þyrfti að vera meiri) eins og samningurinn kveður á um. (Skólastjóri)

Ekki nógu mikið utanumhald af hálfu skólastjóra. (Skólastjóri)

Kennarar hafa núna bundna viðveru. Kennarar eru að bera sig saman við kennara í öðrum skólum þar sem ekki hefur verið settur vinnurammur og það skapar mikla óánægju. (Skólastjóri)

Erfitt með marga kennara í hlutastarfi. Taka þarf tillit til barnagæslu í mörgum tilfellum. Erfitt með sameiginlega fundartíma. Samningurinn miðar við að fólk sé í fullu starfi. Spurning um eftirfylgni, ekki verið fylgst með vinnu kennara. Treyst á samviskusemi kennara. (Skólastjóri)

Athugasemdir trúnaðarmanna eru einnig mjög fjölbreyttar en tengjast flestar minni sveigjanleika í starfi. Dæmi um viðhorf:

Nokkrir sérgreinakennarar hafa ekki vinnuramma. Vinna 100% starf og sleppa við vinnurammann að eigin ósk. (Trúnaðarmaður)

Pirringur var með bindinguna hjá yngra fólkinu. (Trúnaðarmaður)

Vantar meiri sveigjanleika í rammann, þarf að taka tillit til kennara, auðvelt í litlum skóla. En þetta er allt mjög viðkvæmt. Sjálfsgagt að hafa vinnuna sýnilega. (Trúnaðarmaður)

... erfitt að koma þessu á töflu í tvísettum skóla. (Trúnaðarmaður)

Kennarar hætta að vinna þegar þeir hafa lokið sínum tilskildu tímum. Þarf að lagfæra tímaáætlanir og forgangsraða upp á nýtt. (Trúnaðarmaður)

Sveigjanleiki hefur heldur minnkað, ef eitthvað er. (Trúnaðarmaður)

Kennarar átta sig ekki á því að vinnuramminn segir til um vinnutímann. ... Leiðir ekki til þess að kennarar hætti að vinna í sjálfboðavinnu. (Trúnaðarmaður)

Fólkið getur raðað tíma sínum sjálft. Gerir erfiðara fyrir skólastjóra að reikna út tíma fyrir hvern og einn. Dæmi um það er t.d. þegar haldin var „opin vika“ í vetur. Kennarar voru beðnir um að vinna frá kl. 8-12. Samkvæmt stundatöflu eiga ekki allir að mæta þá. Allt erfiðara fyrir skóla eins og að skipuleggja starfsdag. (Trúnaðarmaður)

Gallinn að ég hef valið þetta starf út af sveigjanlegum vinnutíma og eflaust eru margir þeirrar skoðunar. Ég vil hafa þær aðstæður á vinnustað að ég geti unnið vinnuna á vinnustað (aðbúnaður) en kosturinn er hiklaust sveigjanlegur vinnutími og að hluta til er hann ennþá til (undirbúningurinn). (Trúnaðarmaður)

... sko agnúarnir sem við erum með ... frelsi kennara til að skipuleggja sig er verulega skert ... einstaklingurinn fær ekki að blómstra ... samvinna í hópum þannig að sumir eru ofvirkir en aðrir eru óvirkir ... of margir þættir komnir inn í starfið sem flokkast tæpast undir kennslu og heimilin eru gerð allt of óabyrg ... og við viljum ekki stimpilklukku ... við viljum aukið frelsi kennara ... til að skipuleggja sjálfir sitt starf eða þennan tíma ... (Trúnaðarmaður)

Vinnuramminn á komandi árum

Svarendur úr 27% skólanna tóku fram að þeir gerðu ráð fyrir því að vinnutíminn, og vinnuframlag kennara, yrði að nær öllu leyti bundinn innan vinnuramma næsta skólaár. Virðist þetta einkum ætla að verða raunin í skólum á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og stærri bæjum. Í 7% skóla stendur ekki til að setja vinnuramma en í öðrum skólum verður vinnutími og vinnuframlag kennara bundið innan vinnuramma.

Ólík afstaða kom fram hjá skólastjórum og trúnaðarmönnum þegar þeir voru spurðir um hvernig þeir sæju þetta samningsákvæði fyrir sér þegar litið væri til framtíðar. Skólastjórar hallast fremur að aukinni bindingu vinnutíma:

Mér finnst þetta í sjálfu sér mjög gott mál og ég hugsaði mér gott til glóðarinnar í fyrra þegar þetta kom inn. Ég vil sjá þetta áfram eins og það er, nema hvað ég vil binda tíma kennaranna og negla verkefni á tíma ... (Skólastjóri)

... vildi sjá þetta ... enn meira bundið á þann hátt að allur tíminn væri undir ... þá er ég að tala um 40 klukkustundir á viku ... ég held að það væri líka kennurum til framdráttar ... það er mín skoðun ... ég held þetta sé bara eitt skrefið til viðbótar þannig að þetta lúti lögmálum annarra starfa. (Skólastjóri)

Flestir kennarar vilja sveigjanleikann áfram en þannig má það ekki vera. Kallar á sérgreiðslur ef farið er út fyrir rammann. (Skólastjóri)

Vænlegt að afmarka vinnurammann, gengið verði lengra. Vinnutími kennara verði frá kl. 8-16. Sveigjanleiki er nauðsynlegur, ekki rígbinda hverja mínútu. (Skólastjóri)

Fylgjandi þessu fyrirkomulagi. Það er okkar reynsla að okkur hefur tekist að stóruka foreldrasamstarf það hefur verið aukið og hægt að fylgjast betur með gengi nemenda og grípa snemma inn í ef með þarf. Málin dankast ekki. Er afar þýðingarmikið. Þannig að ég er þessu mjög fylgjandi. (Skólastjóri)

Næsta vetur mun reyna á vinnurammann og bindingu samkvæmt kjarasamningi. Hver kennari fær sinn ramma, þannig að auðvelt verður að fylgjast með hvenær menn eru í skólanum. (Skólastjóri)

Binda tvo daga og gera vinnuna sýnilegri. (Skólastjóri)

Vil að kennarar kalli eftir vinnuramma. (Skólastjóri)

Önnur svör skólastjóra:

... sjá sveigjanleika í þessu ... hver einasti kennari þarf að ræða vel við sinn stjórnanda um fyrirkomulagið og hvers konar sveigjanleika hann samþykkir ... Gott að vinnuramminn sé skýr ... hefur ekki verið það ... sumir kennarar sem vinna mikið ... hjá mér koma sumir kennarar jafnvel saman í sumarbústað á laugardegi og skipuleggja margar vikur fram í tímann og þá finnst mér sjálfsagt að taka tillit til þess og láta stjórnandann vita af því og þá er alveg sjálfsagt að þeir taki sér frí á móti einhvers staðar ... þetta kallar á sameiginlegan skilning ... eftir því sem ég hugsa meira um tímarammann held ég að þetta sé bara gott ... (Skólastjóri)

Vinnurammi kom frá skólaskrifstofu en honum ekki fylgt eftir. Vinnurammi gerir ráð fyrir að faglegi tíminn sé strax að lokinni kennslu en hjá okkur er munnlegt samkomulag um sveigjanlegan vinnutíma. (Skólastjóri)

Breyta þessu, ekki til bóta eins og það er sett fram [of lítill sveigjanleiki] (Skólastjóri)

Meira jafnvægi vantar - horft út frá þörfum hvers einstaklings - nú þyrfti að huga meira að þörfum skólans, athuga t.d. verkefni sem þarf að vinna. Erum ekki enn komin út úr gamla farinu, kennarar ráða sér ekki lengur sjálfir. (Skólastjóri)

Trúnaðarmenn höfðu þetta fram að færa:

Er gott núna, kennara bera sjálfir ábyrgð á sinni vinnu. En er á móti bindingunni - er afturför. Kennarar eru að bæta á sig vinnu. (Trúnaðarmaður)

Vill ekki binda 9,14 st. verður að vera möguleiki á sveigjanleika, t.d. ein klukkustund. (Trúnaðarmaður)

Flestir eru ánægðir - þakkað góðu samstarfi milli kennara og skólastjóra. Kennarastarfið hefur alltaf verið sveigjanlegt starf því skiptir máli að selja dýrt, þ.e. vinnutímann og bindinguna. Hana má hafa áfram en menn ættu að ráða því sjálfir hvort þeir undirbúa sig heima eða í skólanum. Vinnuástaða er t.d. ekki góð í þessum skóla. (Trúnaðarmaður)

Skipuleggja samstarf við kennara, fastar samstarfsstundir kennara (árganga og foreldrasamstarf). Skilyrði að það sé forgangsraðað, undirbúningstími sé ákveðinn fyrst. (Trúnaðarmaður)

Vinna sem við höfum verið að vinna hvort sem er. Binding verður áfram - samkvæmt samningi en með mismiklum sveigjanleika þó - menn hafa áfram heimaverkefni. (Trúnaðarmaður)

Samkomulag milli skólastjóra og kennara er best. Ekki gott að binda allt, nema að endalausir árekstrar komi upp. (Trúnaðarmaður)

Hugsum lítið um 9,14 tímana. Erum öll að vinna vinnuna okkar. Vill ekki binda tímana, ekki í anda sveigjanlegs kjarasamnings. (Trúnaðarmaður)

Kennarinn ætti að hafa e-ð um málið að segja. Gert í samvinnu. (Trúnaðarmaður)

Ég vil að á hausti eða jafnvel vori séu kennarar með í því að ákveða hvenær vinnutíma lýkur og hvenær hann hefst. Ég vil fá rammann inn. (Trúnaðarmaður)

Ég vil nota þetta ef skólastjórum er treystandi til þess að fara með þetta. Það gæti verið varasamt að niðurnjörva vinnutímann því að álagstímar koma alltaf með köflum en svo er hægt að hagræða betur inn á milli ... kennarar ættu að hafa valið. Rammi eða sveigjanleiki innan ákveðinna marka. (Trúnaðarmaður)

Þetta er öryggisákvæði – ákveðinn réttur kennara. (Trúnaðarmaður)

... vil sjá meiri faglega stjórnun skólastjóra ... meiri faglega vinnu unna af kennurum í þessum tíma ... ekki bara það sem kemur upp á ... taka á fögunum ... (Trúnaðarmaður)

Áhrif samningsins á undirbúning kennslu

Viðmælendur voru spurðir hvaða áhrif kjarasamningurinn hefði almennt haft á undirbúning kennara.

Nokkur vandi við úrvinnslu skapast af því að viðmælendur skildu spurninguna á mismunandi hátt. Sumir svöruðu spurningunni með því að leggja mat á áhrif samningsins á undirbúning fyrir kennslu almennt. Aðrir svöruðu með hliðsjón af því hvernig undirbúningstíminn er reiknaður í kjarasamningnum og útfærslu hans í hverjum skóla. Margir treystu sér tæpast til að leggja mat á þetta. Skýr svör við spurningu um undirbúningstíma komu aðeins fram í helmingi svaranna.

Þrettán viðmælenda (24%) töldu að kjarasamningurinn hefði engu breytt um undirbúningstíma:

... kennarar hafa alltaf undirbúið sig vel ... þeir eru hérna allan daginn ... (Skólastjóri)

Fólk þarf og tekur sér sama tíma í undirbúning og áður var. Fólk þarf ákveðinn tíma og notar hann heima og heiman. Þetta er ekki sanngjarnt gagnvart samningnum. Það þarf oft miklu meira en þessar tuttugu mínútur og stundum minna. (Trúnaðarmaður)

Átta (15%) töldu samninginn hafa leitt til betri undirbúnings:

... hann hefur aukist ... meiri umræða ... eins er farið meira ofan í það hversu mikinn undirbúning maður þarf ... (Trúnaðarmaður)

... hefur haft jákvæð áhrif ... auðveldara að negla niður samstarfsfundi kennara ... skilað sér í betri undirbúningi og betri kennslu ... með nokkrum undantekningum ... það eru alltaf kennarar sem laumast í burtu áður en vinnutímanum er lokið ... (Skólastjóri)

Sjö (13%) töldu undirbúning hafa minnkað:

Já, ég hef það á tilfinningunni að undirbúningurinn ... tíminn hefur skerst svolítið ... hann er svolítið minni og það kemur til af því að ... vegna t.d. þessara 9,14 tíma þá hefur fólk verið sett í hin og þessi störf og svona hópavinnu ýmiss konar í skólastarfinu og í kjölfarið hafa fylgt svo mikil fundahöld ... sífelld fundahöld ... og fólk finnur voðalega mikið fyrir því ... finnst að alltaf sé verið að boða það á fundi og sem sagt rífa það frá þessum tíma sem það þyrfti að hafa til að sinna undirbúningsstarfinu. Þannig að maður heyrir það mjög mikið að fólki finnst það ekki hafa eins mikinn tíma og það hafði. Það er áberandi. (Trúnaðarmaður)

Sem dæmi um önnur svör við spurningunni um undirbúningstímamann má nefna þessi:

Ég hef ekkert nema tilfinninguna að styðjast við og kennarar eru að undirbúa sig meira á staðnum sem þýðir að maður verður meira var við þá. Það er ekkert víst að þeir séu að undirbúa sig meira en ég sé meira til þeirra núna og þess vegna finnst mér það vera aukinn undirbúningur ... Mér finnst það ekki rétt að fólk sé að vinna hluti heima sem það getur unnið á vinnustað. Ég held að þetta sé bara einhver lenska sem við þurfum að losna út úr. (Skólastjóri)

... það er komin svona dálítill stoppari á okkur ... hingað og ekki lengra ... ég er búinn í dag og nú er ég farinn ... ég held að þetta hafi ýtt dálítið svoléiðis við okkur ... ég passa mig meira á þessu ... finn það með mig persónulega ... loka hurðinni kl. fjögur ... (Trúnaðarmaður)

Kennarar undirbúa sig bara. Það var svindlað á þeim í síðustu samningum og það eru ekki nærri allir sem fá aukinn undirbúningstíma þrátt fyrir auknar kröfur um fjölbreytta kennsluhætti og sveigjanleika í skólastarfi. (Trúnaðarmaður)

Eins og fram kom hér að ofan kusu margir viðmælenda að svara þessari spurningu með hliðsjón af samningsákvæðum. Hér eru þrjú dæmi um slík svör:

Það hefur mikið verið rætt um aukinn undirbúningstíma og mínir kennarar, nokkrir, hafa farið fram á aukinn undirbúningstíma og ég hef ekki getað veitt það nema að litlu leyti og þar hefur verið ágreiningur milli mín og kennaranna og mér finnst alltaf ... og ef maður lætur mikið af auknum undirbúningi af höndum ... af þessum 9,14 ... sem þá leiðir til yfirvinnu þá finnst mér um leið að maður sé að afsala sér hluta af vinnuramma ... þannig að þetta er svolítið vandræðalegt. (Skólastjóri)

Aðeins tuttugu mínútur sem er alltof lítil tími. (Trúnaðarmaður)

Öllum reiknaður sami undirbúningstími. Menn eru ósáttir við þetta og telja sig þurfa miklu meiri tíma. (Trúnaðarmaður)

Spurt var hvort kennurum væri reiknaður sami undirbúningstími eða hvort þetta væri mismunandi eftir kennurum. Ekki reyndist í öllum tilvikum fullt samræmi í svörum skólastjóra og trúnaðarmanna (í sama skóla) í svörum við þessari spurningu en séu svör skólastjóra tekin gild er kennurum reiknaður sami undirbúningstími í tíu (36%) af skólunum tuttugu og átta en mismunandi í fimmtán skólanna (54%). Svör úr þremur skólum (11%) voru óljós um þetta atriði.

Viðmælendur í þeim skólum þar sem munur reyndist vera á því hvernig undirbúnings-tími var reiknaður voru spurðir hvað réði þessum mun. Fjölmörg atriði voru nefnd. Nefna má nemendur með sérþarfir, fjölmenna bekki, samkennslu, þróunarstarf (nýja kennsluhætti, þróun nýrra valgreina), að kennarar væru að kenna námsgreinar eða námsefni sem þeir hefðu ekki kennt áður, kröfur um aukið samstarf kennara eða foreldrasamstarf eða kröfur vegna ákveðinna námsgreina (t.d. samræmdu greinanna). Einnig var nefnt að með þessum hætti væri leitast við að koma til móts við nýliða, leiðbeinendur eða umsjónarkennara sem þyrftu að kenna margar, ólíkar námsgreinar. Þá má nefna dæmi um að koma til móts við leiðbeinendur í kennaranámi.

Rétt er að nefna að það var skoðun margra viðmælenda að sá undirbúningstími sem kjarasamningurinn ætlaði kennurum væri of naumur.

Launapotturinn

Samkvæmt kjarasamningnum var skólastjórum fengið til umráða tiltekið fjármagn sem heimilt var að nota til að endurraða störfum við skólann, m.a. eftir því hvernig störf skiptust, eftir staðsetningu starfanna í skipuriti, ábyrgð, álagi, sérhæfingu, umfangi starfanna og færni (sjá grein 1.3.2 í kjarasamningi). Þessi fjárhæð hefur verið kennd við *launapott*. Við það var miðað að skólastjóri ráðstafaði viðbótarflokki um launapottinum eftir leikreglum sem hann hefði áður kynnt öllum kennurum (sjá Handbók).

Leikreglurnar

Í könnuninni var spurt hvaða leikreglur hefðu verið settar um ráðstöfun á launapotti og hvað hefði legið þeim til grundvallar. Síðarnefnda atriðinu svöruðu flestir með því að vísa til ákvæðanna í kjarasamningnum.

Óhætt er að fullyrða að við framkvæmd þessa ákvæðis kjarasamnings hafa verið farnar fjölmargar leiðir, frá einföldum ráðstöfunum til margbrotinna reglna. Einfaldasta aðferðin var fólgin í því að veita öllum jafnt en það var gert í tveimur tilvikum. Í öðrum skólanum var þetta gert vegna þess að skólastjóri og annað starfslið var á móti þessari aðferð, en í hinum vegna þess að skólinn var nýr og skólastjórinn treysti sér ekki til að meta þetta. Í hinum skólunum öllum var tekist á við verkefnið og lausn fundin. Í þeim leikreglum sem mótaðar voru koma við sögu öll þau atriði sem tilgreind voru í kjarasamningi: Skipting starfa, staðsetning í skipuriti, ábyrgð, álag, sérhæfing, umfang og færni. Dæmi eru um reglur þar sem beint er vísað í texta samningsins (grein 1.3.2).

Nokkur vandi er að gera grein fyrir svörum, m.a. vegna þess hve útfærslurnar eru margar og ólíkar. Þá eru þær upplýsingar sem viðmælendur veittu misítarlegar. Einnig er vandi vegna þess að í mörgum tilvikum eru skilgreiningar ekki ljósar. Hvað er t.d. átt við þegar nefnd eru upplýsinga- og tæknimál, verkefnavinna eða óþægindaálag?

Í eftirfarandi lista er leitast við að halda til haga sem flestum þeim atriðum sem tilgreind voru í viðtölunum og þeim gögnum sem send voru. Til glöggvunar eru atriðin flokkuð sem hér greinir: 1) atriði sem snerta hlutverk og starf umsjónar-kennara 2) álag vegna tiltekinnar kennslu 3) stjórnun 4) skólaþróunarverkefni 5) umsjón með stofum, tækjum og gögnum 6) launaaukar 7) ráðgjöf, leiðsögn og fræðsla 8) ýmis verkefni og 9) aðrir þættir.

Umsjónarkennarinn

Erfiðir nemendur/nemendur með sérþarfir/nemendur með einstaklingsnámskrá/nýbúar í bekk
Umsjón/bekkjarumsjón
Stórir bekkir/hópar/erfiðir bekkir/aldursblandaðir hópar
Leiðbeinendur sem hafa umsjón með bekk
Foreldrasamstarf

Kennsla

Kennsla á unglingsstigi
Kennsla í mörgum bekkjum
Að kenna nýja námsgrein
List- og verkgreinakennsla
Útikennsla

Stjórnun

Staðgengill skólastjóra (hér er ekki aðstoðarskólastjóri)
Stigstjórn/árgangastjórn
Fagstjórn
Stjórnun vinnuhópa/fagteyma (eineltismál)
Umsjón með sérdeild
Verkstjórn (með þróunarvinnu)

Skólaþróun

Seta í þróunarstjórn
Sjálfsmat/matsverkefni
Skólanámskrágerð
Umsjón með námsvísum
Námsefnisgerð
Þróunarverkefni og nýbreytni (eineltismál, atferlismótun, kennsluhættir, byrjendakennsla)
Þátttaka í endurmenntun/símenntun
Samskipti og samstarf innan skólans

Stofur, gögn og tæki

Bókasafn
Bókageymsla
Efnisaðdrættir/innkaup
Tækjaumsjón
Umsjón með tölvuveri
Umsjón með sérgreinastofu

Launaaukar

Launaaukar fyrir nýja kennara/unga kennara/íþróttakennara

Ráðgjöf, leiðsögn, fræðsla

Leiðsögn við nýja kennara
Leiðsögn við leiðbeinendur
Námskeið fyrir kennara, leiðsögn/ráðgjöf við kennara eða miðlar sérþekkingu/kunnáttu
Sérkennsla

Ýmis verkefni

Átaksverkefni á vegum skólans
Áfallaráð/bráðavakt
Blaðaútgáfa
Félagsstörf
Forfallakennsla
Forvarnarfulltrúi
Gæsla í frímínútum
Gæsla í sundi
Gæslustörf (ótilgreint)
Gjörgæsla (ekki skýrt)
Heimasíða skólans
Móttaka gesta
Ráðgjöf við aðila utan skólans
Salernisferðir
Sérverkefni (ótilgreint)
Stuðningur (við nemendur)
Trúnaðarmaður

Annað

Að vera kennari við skólann
Andlegt/líkamlegt álag (ótilgreint)
Ábyrgð/álag (ótilgreint)
Ábyrgð á verkefnum (ótilgreint)
Álag vegna hávaða
Álag vegna óhreininda
Fjárhagsleg ábyrgð (ótilgreint)

Fjáröflun
 Mannaforráð (ótilgreint)
 Persónuleg geta/færni/hæfni í starfi (ótilgreint)
 Óþægindaálag (t.d. vegna samskipta við foreldra utan skólatíma)
 Reynsla, menntun, sérþekking, sérhæfing sem nýtist vel en er ekki metin til launa í
 kjarasamningi
 Sérstök verkefni sem kennarar óska eftir að sinna
 Starfsstöð ekki á skólalóð
 Upplýsinga- og tæknimál (ótilgreint)
 Þátttaka í verkefnum á vegum skólans (ótilgreint)

Eins og sjá má er þetta afar margþættur listi og skal hér áréttað að þeir skólar sem um ræðir eru aðeins tuttugu og átta.

Dæmi um úthlutun:

| Álagsþættir | Viðbótarflokkar |
|---|-----------------|
| Bekkjarumsjón | 2 |
| Umsjón með sérdeild | 2 |
| Umsjón með sérkennslu | 1-2 |
| Fagstjórn | 1 |
| Stigstjórn | 2 |
| Hópstjórn | 1 |
| Nemendur með skilgreindan vanda án sérkennslu | 1 |
| Umsjón með nemendum með skilgreindan vanda án stuðnings | 1 |
| Námsefnisgerð | 1 |
| Sérhæfing sem hentar skólanum | 1-2 |
| Álag vegna fatlaðs nemanda | 1 |
| - vegna hávaða | 1 |
| - vegna óhreininda | 1 |
| - starfsstöð ekki á skólalóð | 1 |
| - kennsla samræmdra greina | 1 |
| - forvarnarfulltrúi | 2 |
| - umsjón með félagsstarfi | 2 |
| - umsjón með fjáröflun | 1 |

Algennt var að úthlutað væri tveimur til fjórum flokkum. Minnsta álag var einn flokkur og það mesta sex flokkar.

Ljóst er að mat á færni kennara hefur vafist fyrir sumum skólastjórum og taka nokkrir það sérstaklega fram að þeir hafi ekki litið til þess þáttar. Aðrir útskýra hvernig að þessum þætti var staðið. Dæmi um það er gátlisti sem búinn var til og kennarar notuðu við sjálfsmat og til undirbúnings starfsmannaviðtali:

Færni

Reiknað var með að allir gætu hakað við alla liði varðandi færni og fengju þann flokk. Þau atriði sem þurfti að uppfylla voru:

- Fagleg ábyrgð í starfi
- Frumkvæði, ábyrgð og metnaður
- Hagur og velferð nemenda ... þagmælska
- Vinna við undirbúning og kennsluáætlanir
- Skólanámskrá og aðalnámskrá séu leiðarljós
- Góð samskipti við foreldra og nemendur
- Góð samskipti við starfsmenn og kennara
- Stundvísi
- Gengur vel um kennslurými og gögn sem hann hefur til umsjónar

Annað atriði sem vafðist fyrir mörgum skólastjórum er mat á andlegu og líkamlegu álagi:

... svo er einn flokkur hjá okkur andlegt og líkamlegt álag ... veit ekki alveg hvað það á að fyrirstilla ... (Skólastjóri)

Nokkrir skólastjóranna nefna að talsvert hafi vantað á að þeir væru nægjanlega undir þetta viðfangsefni búnir, dæmi:

... en svo má segja að margir skólastjórnendur hafi verið lítið tilbúnir til að taka við þessu ... þeir höfðu ekki fengið þjálfun í starfsmannaviðtölum ... það hefði mátt kynna breytinguna á annan veg en gert var. (Skólastjóri)

Hvernig var staðið að ákvörðun um fyrirkomulagið?

Í langflestum tilvikum var farin samráðsleið við undirbúning úthlutunar. Yfirleitt lögðu skólastjórnendur drög að leikreglum sem kynnt var trúnaðarmanni eða kennararáði og síðan á kennarafundi eða í starfsmannaviðtölum. Fram kemur að í nokkrum skólum voru leikreglur bornar upp til samþykktar á kennarafundi. Í öðrum tilvikum tók skólastjóri af skarið. Í flestum tilvikum virðist unnt að segja að málið hafi verið kynnt kennurum með einhverjum hætti og þeim gefinn kostur á að gera við það athugasemdir, eins og ráð var fyrir gert (sbr. Handbók). Gildir þetta bæði um reglurnar sem og úthlutun til hvers einstaks kennara.

Hér má sjá nokkur dæmi um hvernig staðið var að málum:

Ég og aðstoðarskólastjóri fórum yfir þetta ... rýndum í þetta ... reyndum að skilja hver væri andi sammingsins ... sóttum fundi ... undir stjórn Sigurjóns heitins ... reyndum að undirbúa okkur vel ... lögðum málið opið fyrir á kennarafundi. Niðurstaðan var sú að tveir kennarar ásamt skólastjórn útbjuggu tékklista og málið aftur lagt fram á kennarafundi. Þannig varð til þessi rammi. Við höfum ekki sett þetta mikið á blað. Viljum ekki setja ól um hálsinn á okkur. (Skólastjóri)

Ég samdi sjálf(ur) uppkast að ákveðnum leikreglum sem ég síðan bar undir stigstjórafund hjá mér og þar lagði ég fyrst og fremst til grundvallar annars vegar verkefnabundna ábyrgð og síðan mat á þyngd nemenda og ... þyngd starfsins og þau gerðu engar breytingar við þær tillögur sem ég kom með. Þó var þetta kynnt á kennarafundi og þar komu heldur engar ábendingar um breytingar. Ég afhenti fólki þetta skriflega og gaf því ákveðinn frest til þess að kynna sér þetta og koma með skriflegar breytingatillögur til mín. Það kom enginn. (Skólastjóri)

Ákvarðanataga og kynning fóru þannig fram að málið var rætt á kennarafundi áður en komnar voru ákveðnar tillögur frá trúnaðarmanni eða stjórnendum. Trúnaðarmenn og skólastjóri settust niður (trúnaðarmenn búnir að undirbúa sig) og mótuðu viðmið. Talsvert var tekið af hugmyndum frá öðrum skólastjórum en einnig var svolítið farið eftir því sem var í handbókinni. (Trúnaðarmaður)

... þetta var byggt á samkomulagi okkar við skólastjóra ... og var vel gert ... hann kom með tillögur og bað okkur að bæta inn í ... svo setti hann þetta upp á kennarafundi og þetta gekk mjög vel ... það voru allir sáttir ... (Trúnaðarmaður)

Yfirleitt hefur verið góð sátt um niðurstöðuna og virðist það raunar hafa komið sumum á óvart.

Talsverðar umræður urðu á kennarafundi um pottinn, ég bað um tillögur frá kennarafundi og kennararáði og síðan settu skólastjóri og trúnaðarmaður saman ramma og kynntu á fundi. Þegar vinnuskýrslur voru tilbúnar þá var fólki raðað inn í rammann. Þetta gekk bærilega upp, fannst ég sleppa nokkuð vel frá óánægju. Ég álit þetta kerfi vont en náði samt samkomulagi með miklum tíma, útskýringum og velvilja kennara. Mér tókst að komast hjá leiðindum sem potturinn býður upp á. (Skólastjóri)

Hvaða þýðingu hefur launapotturinn?

Viðmælendur voru spurðir um afstöðu sína til þessarar aðferðar. Þrjátíu og þrír (60%) reyndust hlynntir henni en níu (16%) andsnúnir. Prettán (24%) svara ekki beint, taka ekki afstöðu eða sjá bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar á þessari tilhöggun.

Helstu agnúar

Viðmælendur voru spurðir beint um hvaða agnúa þeir sæju helst á þessu fyrirkomulagi - ef einhverjir væru. Með hliðsjón af svörum má setja saman langan lista yfir slík atriði. Hér er yfirlit yfir helstu atriði sem nefnd voru og rétt er að taka fram að þau dreifðust mjög. Nefnt var að potturinn væri of lítill og einnig að verið væri að greiða mikla vinnu með lágu verði. Nokkrir lýstu þeirri skoðun að erfitt væri að meta færni kennara eins og ráð væri fyrir gert, viðmiðanir væru ekki nógu ljósar („skýrari línur nauðsynlegar”). Fram kom það viðhorf að oft væri erfitt að fylgja niðurstöðu eftir (t.d. þegar um væri að ræða að kennari uppfyllti ekki þá ábyrgð sem greitt væri fyrir). Þá nefndu nokkrir að skortur á samfellu væri vandamál, t.d. ef nýr skólastjóri kæmi að skóla, mismikið fé væri til ráðstöfunar milli ára og kjör kennara gætu breyst við flutning milli skóla. Þá kom fram að nokkrir kennarar vantreystu skólastjórum til að vinna þetta verkefni og kæmi það m.a. fram í því að þeir þyrðu ekki að taka af skarið. Skólastjórum hætti einnig til að gera betur við karla en konur við úthlutun viðbótarflokka.

Nefnt var að verkefnið þýddi aukna vinnu og álag fyrir skólastjórnendur sem einnig drægi þá frá öðrum og þýðingarmeiri viðfangsefnum. Sumir töldu að of mikil, jafnvel óæskileg, ábyrgð væri lögð á skólastjóra. Nokkrir ræddu að hér væri á ferðinni vandmeðfarið kerfi sem leiddi auðveldlega til ágreinings eða leiðinda („verið að etja fólki saman”). Þá voru nefndir byrjunarörðugleikar, t.d. óöryggi eða titringur. Nefnt var að ungir kennarar bæru skarðan hlut frá borði, sem og leiðbeinendur. Nokkrum varð að umtalsefni að bagalegt væri að frá þessu yrði að ganga að vori þar sem ekkert væri eftir til að grípa til síðar ef eitthvað kæmi upp á. Loks má nefna áhyggjur af því að til þess gæti komið að þessir flokkar væru notaðir til þess eins að halda kennurum.

Ekki fer á milli mála að þetta verkefni hefur vafist fyrir mörgum skólastjórum:

... ég verð að segja alveg eins og er að ég er svolítið rugluð ennþá í því hvernig maður á að nýta hann [launapottinn]. Sko, annars vegar er hann til að mismuna fólki og hins vegar má ekki mismuna fólki. Mér finnst vera svona þversagnir í þessu. (Skólastjóri)

Hvað er framundan?

Viðmælendur voru spurðir hvort og hvernig þeir vildu nýta sér launapottinn í framtíðinni.

Fjórtán viðmælenda svara þessu þannig að þetta verði gert eins eða með svipuðum hætti.

Átta viðmælendur, allir úr hópi trúnaðarmanna, áréttu þá skoðun sína að þeir vilji ekki búa við þessa aðferð.

... ég er frekar á móti þessu fyrirkomulagi ... eingöngu til að valda spennu á milli kennara ... ekki viðbætandi ... best að vera laus við svona ... (Trúnaðarmaður)

Burt með það og fá þetta bara inn sem hækkun launa ... enginn ... klíkuskapur ... ég er ekki að segja að hann sé héna en ég hef heyrt frá öðrum skólum ... skólastjórafrúin fékk átta flokka ...

við erum kannski að kenna hér fjögur saman í árgangi og einn er með fjóra flokka og annar tvo ... munurinn á bekkjunum kannski enginn en annar kennarinn var harður og heimtaði ... hinn tók því sem að höndum bar ... (Trúnaðarmaður)

Þrír til viðbótar, tveir skólastjórar og einn trúnaðarmaður, lýsa efasemdum sínum um þessa aðferð.

Sjö viðmælendur, allir skólastjórar nema einn, lýsa áhuga sínum á að nota þetta ákvæði meira til að umbuna kennurum sem fram úr skara.

Ég hefði gjarnan vilja nýta þetta til að umbuna þeim kennurum sem eru að sýna áhuga og framúrskarandi hæfni og vinnusemi. Umbuna því góða fólki sem að ég vil halda í. (Skólastjóri)

Kennarar, sem eru sannarlega að leggja á sig krefjandi vinnu og bæta sína hæfni, eiga að fá að njóta þess. (Skólastjóri)

Fimm óska eftir ákveðnari reglum um hvernig að þessu skuli staðið.

Reglur verði gagnsæjar og jafnframt sveigjanlegar. Reglur þarf að samræma milli skóla. (Trúnaðarmaður)

Þrír lýsa þeirri skoðun sinni að hægt eigi að vera að kaupa vinnu af kennurum.

Ég vildi sjá að ákveðið hlutfall af launamagni sem skólastjóri hafi til úthlutunar samkvæmt eigin innri ákvæðum en ekki launataxta. Skólastjóra sé skylt að greiða það út sem laun. Ég tel að það eigi bæði að vera hægt að hækka grunnlaun eða kaupa aukna vinnu - blöndu af 9,14 og potti. Það er útúrsmúningur oft á tíðum að ekki sé verið að kaupa aukna vinnu með potti. (Skólastjóri)

Í tveimur skólum hefur ekki verið tekin ákvörðun um fyrirkomulag.

Sem dæmi um önnur svör má nefna þessi:

Ég vil sjá þessa þróun gerast sem fyrst ... að hér verði menn vinnandi eins og annað launafólk á sínum vinnustað við góðar aðstæður að þeim verkefnum sem skólinn þarfnast og að það sé bara sjálfsagt mál. (Skólastjóri)

Einhver rammi - en viljum hafa sveigjanleika í því til þess að hafa rúm fyrir hið óvænta - geta samið við kennara, t.d. rökstuðning frá kennara varðandi eitthvað sem upp á kemur. (Skólastjóri)

... myndi ekki hafa það þannig að skólastjórinn sé einn í þessu ... allt of mikil ábyrgð ... og þarf að gera upp á milli þeirra ... hlýtur að skapa óánægju ... ég myndi leggja til að það væri einhver nefnd sem gerði þetta ... (Trúnaðarmaður)

Tíu viðmælendur veita ekki bein svör við þessari spurningu.

Endurmenntunin

Í kjarasamningnum (grein 6.1.2.4) er kveðið á um að endurmenntun kennara skuli vera í samræmi við endurmenntunaráætlun skólans og þær áherslur sem séu á hverjum tíma í umbótastarfi viðkomandi skóla. Þar er einnig kveðið á um að skólastjóri geti ákveðið að einstakir kennarar eða kennarahópar sækji skilgreinda endurmenntun. Gert er ráð fyrir því að hver kennari skilgreini þarfir sínar fyrir endurmenntun og kynni skólastjóra sem ákveður hvernig staðið skuli að þessum málum með þarfir nemenda, kennara og heildarmarkmið skólans í huga. Þá er með samningnum stefnt að því að kennarar geti í auknum mæli sótt endurmenntun á starfstíma skóla. Loks eru

kennurum ætlaðar 150 stundir á ári til endurmenntunar og undirbúnings (sbr. grein 2.1.6.1).

Í könnuninni var spurt hvort endurmenntunaráætlun hefði verið unnin fyrir hvern kennara í skólanum vegna yfirstandandi skólaárs, hvernig til staði að verja 150 tímumum og hvernig unnið væri að næstu endurmenntunaráætlun.

Nokkur vandi er að átta sig á þeim svörum sem fengust. Ekki er alltaf ljóst hvað átt er við þegar því er svarað hvort endurmenntunaráætlun hafi verið gerð eða ekki. Í eftirfarandi töflu er leitast við að setja fram yfirlit yfir þau svör sem fengust.

| Skóli | Áætlun fyrir hvern kennara | Áætlun til í sveitarfélaginu (eða á vegum skólaskrifstofu) | Áætlun fyrir skólann | Námskeið í boði | Næsta áætlun |
|-------|----------------------------|--|----------------------|--------------------|-------------------|
| 6 | Nei | Já | Já | Já | Já |
| 12 | Nei | Já | Já | Já | Í undirb. |
| 15 | Nei | Já | Já | Já | Í undirb. |
| 16 | Nei | Já | Já | Já | Í undirb. |
| | | | | | |
| 24 | Nei | Já | Nei | Já | Já |
| 1 | Nei | Já | Nei | Já | Já |
| 3 | Nei | Já | Nei | Já | Í undirb. |
| 27 | Nei | Já | Nei | Já | Í undirb. (?) |
| 28 | Nei | Já | Nei | Já | Í undirb. |
| 21 | Nei | Já | Nei (?) | Já | Í undirb. (?) |
| 5 | Nei | Já | Nei | Nei | Já |
| | | | | | |
| 13 | Nei | | Já | Já | Já |
| 18 | Nei | | Já | Já | Já |
| 25 | Nei | | Já | Já | Já |
| 14 | Nei | | Já | Já | Í undirb. |
| 17 | Nei | | Já | Já | Í undirb. (?) |
| 10 | Nei | | Já | Já | Nei |
| 11 | Nei | | Nei | Já | Í undirb. (?) |
| | | | | | |
| 7 | Nei | | Nei | Já | Já |
| 8 | Nei | | Nei | Já | Í undirb. |
| 9 | Nei | | Nei | Já | Í undirb. |
| 20 | Nei | | Nei | Já | Í undirb. |
| 22 | Nei | | Nei | Já | Í undirb. |
| 23 | Nei | | Nei | Já | Já |
| 26 | Nei | | Nei | Já | Í undirb. (?) |
| 4 | Nei | | Nei | Nei | Í undirb. |
| 2 | Nei | | Nei (í undirb.) | Já | Í undirb. |
| 19 | Nei | | Í undirb. | Já | Í undirb. |
| | 0 (0%) | Já 11 (39%) | Já 10 (36%) | Já 26 (93%) | Já 9 (32%) |

Eins og sjá má af yfirlitinu kannast enginn viðmælenda við að til sé endurmenntunaráætlun sem miðuð er við hvern kennara. Í tíu skólum hefur verið unnin formleg endurmenntunaráætlun fyrir síðastliðið ár. Í ellefu tilvikum er vísað til áætlunar sem gerð hefur verið á vegum sveitarfélagsins eða á vegum skólaskrifstofu sem þjónar viðkomandi skóla. Ljóst er að enda þótt það komi ekki fram í svörum eru skólar sem tengjast áætlunum sveitarfélaga eða skólaskrifstofa talsvert fleiri. Í níu skólum hefur verið lokið við endurmenntunaráætlun fyrir næsta skólaár, en í öðrum skólum er hún í undirbúningi. Skýrt kemur fram að endurmenntunarmál eru mjög í deiglu. Nokkrir

Lýsa þeirri skoðun sinni að erfitt sé að átta sig á framboði og gæðum endurmenntunar-tilboða og að eftirsjá sé að námskeiðum Kennaraháskólans.

Endurmenntun er óttalegt klúður um þessar mundir, komið í samkeppni ... heill frumskógur og erfitt að vita hvað er verið að kaupa. Menn vita ekkert hvað á að gera í endurmenntunar-áætlunum. Mikill fjöldi berst af tilboðum frá einkaaðilum sem bjóða sitt hvað sem enginn veit hversu gott er. Sú tilhögun sem var meðan Kennaraháskólinn annaðist endurmenntunina var miklu betri og markvissari. (Skólastjóri)

Þá láta margir í ljós þá skoðun að endurmenntun þurfi að veða til launahækkunar eins og var í síðustu samningum.

Furðulegt ef litið til þess að öll fyrri menntun sé ónýtt og við séum að byrja upp á nýtt ... (Trúnaðarmaður)

Athygli vekur að í nokkrum skólanna er endurmenntun í raun grunnmenntun. Þetta á við þá skóla þar sem hluti (stundum meirihluti) starfsmanna er í kennaranámi. Í einum skólanna sem haft var samband við voru allir kennarar leiðbeinendur og höfðu flestir þeirra hafið störf við skólann á síðasta skólaári.

Spurt var um nýtingu þeirra 150 tíma sem verja skal til undirbúnings og endurmenntunar. Enda þótt svör séu um margt óljós kemur fram að þessir tímar hafa verið notaðir með fjölbreyttum hætti, til námskeiða innan skóla og utan, þátttöku í haustþingum, fræðslufundum, starfsdögum, námsferða til annarra landa, lesturs fagrita, auk undirbúnings kennslu. Námskeið eru ýmist sótt að ósk eða ákvörðun skólastjóra eða að vali kennara. Talið er að þessir tímar nýtist ekki til hins ítrasta því fjármagn vanti til að kosta þátttöku kennara í námskeiðum. Þá kemur fram að erfitt sé að nýta þessar stundir þar sem mjög sé nú þrengt að sumarleyfi kennara. Í nokkrum tilvikum hefur ekki verið að því hugað hvernig þessir tímar nýtist.

Sumir telja að örðugt sé að glöggva sig á mörkum undirbúnings og endurmenntunar.

Þeir eru nýttir að hluta ... þar er náttúrulega einn þátturinn sem ekki er nægilega skýr í kjara-samningnum ... þar er talað um að 150 tímarnir séu endurmenntun og undirbúningur ... og hve stór er hvor hluti? (Skólastjóri)

Ljóst er að endurmenntun er að færast mjög yfir á starfstíma skólanna og standist áætlanir sem verið er að gera í skólunum verður þar gengið enn lengra næsta skólaár.

Samantekt

- Meirihluti skólastjóra telur að kjarasamningurinn hafi haft jákvæð áhrif á starfsumhverfi skólanna. Þeir telja að fagleg umræða hafi aukist og auðveldara sé að skipuleggja samstarf kennara, þróunarstarf og ýmis önnur fagleg störf. Minnihluti skólastjóra telur samninginn hafa haft neikvæð áhrif.
- Viðmælendur úr hópi trúnaðarmanna segja bæði kost og löst á samningnum. Mest óánægja er með óljós atriði í samningnum og eins er kynning hans gagnrýnd og sögð misvísandi og mótsagnakennd. Þá er samningurinn ekki talinn hafa skilað þeim launahækkunum sem fyrirheit voru um og lenging skólaársins er gagnrýnd.
- Það viðhorf kemur fram hjá skólastjórum fámennra skóla að samningurinn henti betur fjölmennum skólum.
- Afar breytilegt er milli skóla til hvaða verka verkstjórnartími skólastjóra er nýttur. Algengast er að þeir séu nýttir til almennra kennarafunda, samráðsfunda kennara eftir árgöngum/námshgreinum, foreldrasamstarfs, þróunarstarfa og aukins undirbúnings kennslu. Í minni skólum er þessi tími síður skipulagður en í stórum skólum. Í meirihluta skóla er nýting tímanna samkomulagsatriði milli skólastjóra og hvers kennara. Í flestum skólum er kennurum í sjálfsvald sett hvenær þeir vinna hluta þeirra verkefna sem falla innan 9,14 stundanna. Almenn ánægja virðist vera með fyrirkomulag verkstjórnartíma.
- Kennarar starfa almennt ekki innan vinnuramma. Ætla má að á komandi misserum muni störf kennara verða skilgreind innan vinnuramma í fleiri skólum.
- Könnunin leiðir ekki í ljós skýr svör við spurningum um áhrif samningsins á undirbúning kennslu og virðist þetta vera mismunandi eftir skólum.
- Leikreglur um úthlutun úr launapotti eru afar fjölbreyttar. Í langflestum tilvikum hefur verið farið samráðsleið við undirbúning úthlutunar. Viðbótar launaflokkum hefur verið úthlutað vegna 1) starfa umsjónarkennara 2) vegna tiltekinnar kennslu 3) stjórnunar 4) skólaþróunarverkefna 5) umsjónar með stofum, tækjum og gögnum 6) til launaauka 7) vegna ráðgjafar, leiðsagnar og fræðslu og til 8) ýmissa verkefna og annarra þátta. Meirihluti viðmælenda (60%) er sáttur við þessa aðferð við úthlutun viðbótarlaunaflokka. Mat á færni kennara hefur vafist fyrir mörgum skólastjórum.
- Endurmenntunaráætlanir eru mjög mislangt á veg komnar í skólunum, en ljóst að endurmenntunarmál eru mjög í deiglu.

Viðaukar

KÖNNUN Á FRAMKVÆMD NÝS KJARASAMNINGS FYRIR
GRUNNSKÓLANN

Spurningaskrá:

1. Hvaða áhrif hefur samningurinn haft á starfsumhverfið í skólanum? Hverju hefur samningurinn einkum breytt? Hvað hefur helst verið til bóta? Hvað hefur einkum farið miður? Skýringar?
2. Hvernig hefur tíma undir verkstjórn skólastjóra verið varið (9,14 stundirnar)? Getur viðmælandi gefið yfirlit eða dæmi um það? Hvernig var staðið að ákvörðun um fyrirkomulag? Hvernig hefur gengið að koma þessari tilhögun í kring? Hafa orðið einhverjar breytingar á þessu á skólaárinu eða eru þær fyrirhugaðar? Hvert er mat þitt á því hvernig til hefur tekist um þetta?
3. Hvernig hefur verið staðið að því að koma á vinnuramma kennara (9,14 stundirnar)? Getur viðmælandi gefið yfirlit eða dæmi um það? Hvernig var staðið að ákvörðun um fyrirkomulag? Hvernig hefur gengið að koma þessari tilhögun í kring? Hvaða agnúar eru helstir á þessu fyrirkomulagi - ef einhverjir eru? Hvernig vilt þú nýta þér þetta samningsákvæði til framtíðar?
4. Hvaða áhrif hefur kjarasamningurinn almennt haft á undirbúning kennara? Er kennurum reiknaður sami undirbúningstími eða er þetta mismunandi eftir kennurum?
5. Hvaða leikreglur voru settar um ráðstöfun á launapotti (sbr. grein 1.3.2. í kjarasamningi)? Hvað liggur þeim til grundvallar? Hvernig var staðið að ákvörðun um fyrirkomulagið og hvernig var það kynnt fyrir kennurum? Hver er að þínum dómi þýðing þessa fyrirkomulags? Hvaða agnúar eru helstir á þessu fyrirkomulagi - ef einhverjir eru? Hvernig vilt þú nýta þér þetta samningsákvæði til framtíðar?
6. Var endurmenntunaráætlun unnin fyrir hvern kennara í skólanum vegna yfirstandandi skólaárs? Hvernig stendur til að verja 150 tímunum? Hvernig er unnið að næstu endurmenntunaráætlun? (Getur viðmælandi látið Rannsóknarstofnun hana í té?)
7. Annað sem þú vilt taka fram?

Reykjavík 13.5.2002/RKHÍ

*KÖNNUN Á FRAMKVÆMD NÝS KJARASAMNINGS FYRIR
GRUNNSKÓLANN*

Ágæti skólastjóri/trúnaðarmaður

Félag grunnskólakennara, Skólastjórafélag Íslands og Launanevnd sveitarfélaga hafa ákveðið að fela Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands að gera könnun á framkvæmd nýs kjarasamnings fyrir grunnskólann. Umsjónarmaður könnunarinnar er Ingvar Sigurgeirsson prófessor við Kennaraháskólann.

Fyrsti hluti könnunarinnar verður gerður á næstu vikum. Þessi hluti felst í viðtölum við skólastjóra og trúnaðarmenn í úrtaki skóla um allt land. Reynt hefur verið að tryggja að sem flestar skólagerðir séu í úrtakinu. Skóli þinn hefur lent í þessu úrtaki og er þess farið á leit við þig að þú takir þátt í könnuninni.

Tilgangurinn með þessum hluta könnunarinnar er að skoða framkvæmd kjarasamningsins á þessu fyrsta ári, sem gefur samningsaðilum tækifæri til að meta þá reynslu sem fengist hefur af framkvæmd samningsins á því skólaári sem nú er að ljúka. Áformað er að taka saman skýrslu um könnunina sem nýst getur skólastjórnendum við skipulag skólastarfs á næsta skólaári.

Á næstunni mun aðili á vegum Rannsóknarstofnunar Kennaraháskólans hafa samband við þig og falast eftir viðtali við þig í síma. Viðtalið tekur 15-30 mínútur og verður tekið á þeim tíma sem þér hentar. Spurningarnar sem stuðst verður við í viðtalinu eru hér fyrir neðan.

Áríðandi er að sem flestir sem lent hafa í úrtakinu taki þátt og er liðveisla þín því afar mikilvæg. Fyllstu nafnleyndar verður gætt við úrvinnslu.

Skýrsla með niðurstöðum verður síðan birt á vef Kennarasambands Íslands (www.ki.is) og vef Launanevndar sveitarfélaga (www.samband.is) og er hennar að vænta síðsumars.

Með fyrirfram þökkum,

F.h. Félags
grunnskólakennara

F.h. Skólastjórafélags
Íslands

F.h. Launanevndar
sveitarfélaga

Finnbogi Sigurðsson

Hanna Hjartardóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

